

Ísfélag hf. - FES
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Egilsstaðir, 2.7.2024
UST202401-283/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. apríl 2024 - Ísfélag, Vestmannaeyjum ID 86

Þann 11. apríl sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags hf., Vestmannaeyjum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Of mikil fita mældist í frárennsli verksmiðjunnar árið 2018. *Samkvæmt mælingum sem voru gerðar í nóvember 2023 var styrkur fitu í frárennslisvatni innan heimilaðra marka. Frávikinu er því lokað.*

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Uppfæra þarf áætlun vegna bráðamengunar sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi
2. Fara þarf yfir skráningar á olú- og lýsisgeymum á lóð rekstraraðila

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Mælingar á fitu, svifefnum og COD í frárennslisvatni voru ekki gerðar árið 2022. *Mælingar voru gerðar í byrjun árs 2023 og er frávikinu því lokað.*
2. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Fullnægjandi niðurstöðum mælinga á frárennslisvatni var ekki skilað fyrir 1. maí 2023 og þ.a.l. er ekki hægt að staðfesta að frárennslisvatnið standist þær kröfur sem gerðar eru.
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Niðurstöðum TVN-mælinga sem gerðar voru seinni hluta ársins 2022, var ekki skilað í samræmi við kröfur í starfsleyfi. *TVN-mælingum hefur verið skilað og er frávikinu því lokað.*
4. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Niðurstöðum mælinga á frárennslisvatni var ekki skilað fyrir 1. maí 2024. *Niðurstöðum mælinga hefur verið skilað og voru þær allar innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfi. Frávikinu er því lokað.*

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki nr. 2 hér að framan í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. ágúst 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur